


|  |                  |
|--|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk:  | 29/7 2014        |
| Málsnr:  | 1301188          |
| Bréfal:  | 4011             |



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 22. júlí 2014  
Tilv.: FJR13070094/10.12

Efni: Húsnæði St. Jósefsspítala

Vísað er til bréfs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 22. maí 2014, þar sem sveitarfélagið óskar eftir svörum frá ráðuneytinu varðandi framtíð fasteigna St. Jósefsspítala.

Eins og sveitarfélaginu er kunnugt um óskaði velferðarráðuneytið eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að húsnæði St. Jósefsspítala yrði ekki leigt, selt eða ráðstafað meðan það væri til skoðunar hvort hægt væri að nýta umræddar eignir undir stofnanir ráðuneytisins. Slík nýtingaráform í þágu heilbrigðisþjónustu hafa hins vegar ekki gengið eftir og hefur velferðarráðuneytið af þeim sökum fallið frá fyrrnefndri ósk og afhent eignirnar formlega til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, með bréfi, dags. 26. febrúar sl. Önnur not á vegum ríkisins hafa heldur ekki þótt koma til greina.

Ljóst er að það eru sameiginlegir hagsmunir bæði ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar að koma eignunum sem fyrst í notkun enda óviðunandi að húsnæðið standi autt um lengri tíma. Ríkið hefur haft umtalsverðan rekstrarkostnað af eignunum frá því að starfsemin í húsnæðinu lagðist af auk þess sem þær hafa sætt nokkrum skemmdum og rúðubrotum á þessum tíma.

Eins og kunnugt er þá funduðu fulltrúar ráðuneytisins óformlega með Hafnarfjarðarbæ, þann 19. maí sl., um mál þetta. Á fundinum kom fram að ráðuneytið hefði hug á því að ráðstafa umræddum eignum, að höfðu samráði við sveitarfélagið sem meðeiganda fasteignanna, þannig að eignirnar gætu sem fyrst komist í hentug not.

Á fundinum kom jafnframt fram að ástand þeirra væri með þeim hætti að ráðast þyrfti í umfangsmiklar og kostnaðarsamar endurbætur svo þær standist nútíma kröfur og öryggi. Ráðuneytið er fyrir sitt leyti ekki reiðubúið að leggja fram fjármuni til umfangsmikilla endurbóta á fasteignum sem ljóst er að henta ekki undir starfsemi á vegum ríkisins.


Að mati ráðuneytisins kemur slæmt ástand fasteignanna einnig í veg fyrir að hagfelld sé að reyna að leigja húsnæðið út til þriðja aðila. Slíkur aðili yrði að vera reiðubúinn að leggja til verulega fjármuni til endurbóta á húsnæðinu til að gera það hæft til notkunar og til að koma í veg fyrir að það verði lýti á umhverfinu til frambúðar.

Til að þoka máli þessu áfram var á framangreindum fundi lagt til af hálfu ráðuneytisins að hafin yrði undirbúningur að sölu eignarinnar á almennum markaði. Drög að sölugögnum liggja fyrir að hálfu ráðuneytisins og er því óskað eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ með það að markmiði að taka endanlega ákvörðun um mál þetta.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurður H. Helgason



Hrafn Hlynsson